

Í þessum bæklingi eru almennar upplýsingar um varúðarráðstafanir og meðferð þegar grunur leikur á að sjúklingur sé með MÓSA. Þrátt fyrir þessar upplýsingar getur ýmsum spurningum verið ósvarað og við hvetjum þig til að leita til hjúkrunarfræðinga og lækna ef svo er.

Landspítali - háskólasjúkrahús
 Skiptiborð - sólhringsvakt 543 1000
 Smitsjúkdómadeild A7 í Fossvogi . . . 543 6770

ÚTGEFANDI:
 LANDSPÍTALI - HÁSKÓLASJÚKRAHÚS
 LYFLÆKNINGASVIÐ I
 LYFLÆKNINGAEIÐ A7
 ÁGÚST 2006 – 1. ÚTGÁFA

HÖFUNDUR OG ÁBYRGÐARMADUR:
 BERGLIND GUÐRÚN CHU, HIÚKRUNARFRÆÐINGUR A7

FAGLEG RÁÐGJÖF:
 STEFANÍA ARNARDÓTTIR, EIÐARSTJÓRI A7
 MÁR KRISTJÁNSSON, YFIRLÆKNIR SMITSJÚKDÓMAEIÐAR LSH
 SIGRÍÐUR ANTONSDÓTTIR, EIÐARSTJÓRI SÝKINGAVARNAEIÐAR LSH

LÍÓSMYND: KYNNINGARMÁL LSH/JBH
 HÖNNUN: KYNNINGARMÁL LSH/AV



5 690939 122789 >

MÓSA - smit

(Methicillin Ónæmur
Staphylococcus Aureus)



Hvað er MÓSA?

Bakterían sem kölluð er Staphylococcus aureus er meðal algengustu sýkingavalda í mönnum. **MÓSA** (Methicillin Ónæmur Staphylococcus Aureus) er afbrigði þessarar bakteríu en er ónæm fyrir mjög mörgum sýklalyfjum. Bakterían getur lifað á húð og í nefi án þess að valda neinum einkennum. Það er ekki fyrr en hún kemst í gegnum varnir líkamans að hún veldur sýkingum.

Þar sem meðferðarmöguleikar gegn MÓSA eru takmarkaðir er bakterían einkum varasöm hjá einstaklingum sem eru með skert ónæmiskerfi. Einnig getur reynst erfitt og kostnaðarsamt að uppræta hana ef hún nær bólfestu á sjúkrastofnunum. MÓSA bakterían hefur ekki náð fótfestu hér á landi en hún er algeng víða um heim. Hérlandis er lögð mikil vinna í að uppræta MÓSA, einkum á sjúkrahúsum.

Smit

Bakterían dreifist aðallega með snertingu. Einnig getur hún smitast með svokölluðu dropasmiti t.d. með hósta eða hnerra.

Fólk sem leggst inn á sjúkrahús er spurt eftirfarandi spurninga:

- Hefur þú greinst með MÓSA?
- Hefur þú umgengist einstakling(a) með MÓSA?
- Hefur þú legið á, unnið á eða fengið meðferð á sjúkrastofnun erlendis á síðustu 6 mánuðum?

Einangrun

Ef eitthvað af þessu er svarað játandi eru tekin sýni og einstaklingurinn hafður í einangrun þar til niðurstöður ræktana liggja fyrir, oftast í 2 - 3 daga.

Sýnataka

Sýni eru tekin frá eftirtöldum stöðum:

- Nösum
- Hálsi
- Spöng (kynfærum)
- Sárum, húðopum við leggi eða dren, exemi og öðrum húðkvillum
- Hrákasýni (ef fólk er með uppgang)
- Þvagsýni (ef fólk er með þvaglegg)

Hve lengi varir einangrunin?

Ef viðkomandi er neikvæður losnar hann strax úr einangrun. Ef MÓSA ræktast þarf að halda áfram einangrun þar til viðeigandi meðferð er lokið og þrjú sýni eru neikvæð.

Hlíðarfatnaður

Allir sem koma inn á stofuna til sjúklings sem er í MÓSA einangrun eiga að vera í langerma sloppum, með hanska og í sumum tilfellum með grímur.

Meðferð MÓSA

- Líkamsþvottur með Hibiscrubsápu daglega**, samkvæmt leiðbeiningum. Gætið þess vandlega að sápan berist ekki í augu eða eyru. Gott er að nota rakakrem á eftir því sápan getur ert viðkvæma húð. Nota má svitalyktareyði eða rakspíra eftir þvottinn.
- Klórhexidín duft (naflapúður) daglega**. Ef líkaminn er þveginn að morgni á að nota duftið að kvöldi og öfugt. Setjið þunnt lag í allar fellingar með áherslu á nára og rass-skoru.
- Lyfjameðferð skv. fyrirmælum lækna**.

Þar sem Mósa smitast aðallega við snertingu er handþvottur áhrifaríkasta leiðin til að koma í veg fyrir að bakterían dreifi sér. Einnig er mjög gott að bera spritt á hendurnar eftir þvottinn. Gætið þess að hendurnar séu orðnar þurrar þegar sprittið er sett á. Leyfið sprittinu að þorna af sjálfu sér.

Staðfest MÓSA smit

Ef þú hefur greinst með MÓSA, hvort sem þú ert laus við það núna eða ekki, ertu vinsamlegast beðin(n) að láta vita af því þegar þú leitar þjónustu á heilsugæslustöð, sjúkrahúsi eða hjá heilbrigðisstarfsmanni. Þetta er nauðsynlegt til að sporna við smitun milli einstaklinga.

Þér er velkomið að hafa samband við deildina ef eitthvað kemur upp á eftir að heim er komið.